

21. nóvember 2018

Frásögn af tíunda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaðinum ZOOM.

Fundarefnið var fyrst og fremst yfirferð gagna sem safnað hefur verið saman í tengslum við vinnu starfshópsins. Meðal þess helsta sem fram kom á fundinum:

- Vakin athygli á því að síða starfshópsins á vef Stjórnarráðsins hefur fengið nýja slóð. Hún er nú: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=50b25c81-e9ad-11e8-942f-005056bc4d74>
- Búið er að senda viðhorfskönnun til þátttakenda. Samantekt á niðurstöðum samaráðsfundar er aðgengileg á síðu starfshópsins á vef Stjórnarráðsins. Niðurstöðurnar og samantektin verða skoðaðar áfram í samhengi við annað sem er til umræðu í starfshópnum.
- Rætt um fyrirkomulag og markmið funda á landsbyggðinni. Fram kom að þótt fjarfundir gætu væru hentugir væru þeir af öðrum toga en hefðbundnir fundir. Lagt var til að skipuleggja fundi á landsbyggðinni með rýnihópasniði en ekki með fjarfundarsniði, þ.e.a.s. ef fjármagn fæst til slíkra funda.
- Rætt var um mikilvægi þess að fulltrúar í hópnum hefðu samráð við bakland sitt í sambandi við þessa vinnu.
- Rætt var um opinbera birtingu niðurstaðna og reglugerð sem gerir ráð fyrir slíkri birtingu. Á sama tíma sem það getur verið mikilvægt að geta séð niðurstöður einstakra skóla og borið þær saman við aðra skóla kallar slíkt fyrirkomulag á neikvæða umfjöllun í fréttu- og samfélagsmiðlum, líkt og dæmin sanna.
- Rætt var um mikilvægi þess að meta skólastarf líkt og störf og starfsemi á almennum vinnumarkaði. Spurningin er hvort samræmd próf séu rétta mælitæki til slíks. Í tengslum við þá umræðu var rætt um að skoða vel hvað gæti komið í staðinn fyrir samræmd könnunarpróf ef ákvörðun yrði tekin um að breyta fyrirkomulagi þeirra þannig að þau væru ekki nýtt í þeim tilgangi.
- Bent á efni í Eurydice: European Commission National Testing of Pupils in Europe: Objectives, Organisation and Use of Results. Á bls. 24 kemur fram að varað hefur verið við því að nota sama prófið í margþættum tilgangi:

[National tests are often intended to serve several purposes across the three foregoing categories. For example, Estonia, Ireland, Italy, Latvia, Poland and Portugal report that their tests for the award of a certificate are also to be used to monitor the education system. Other countries including Bulgaria, Italy and Slovenia state that the same national tests are employed for monitoring purposes at both school and system levels. Tests in Belgium \(French Community\), Austria and Slovenia are intended both to identify individual learning needs and to monitor educational performance.](#)

[Assessment experts have warned that the use of a single test for several purposes might be inappropriate where the information ideally required in each case is not the same. In such instances, education authorities have been advised to rank the different purposes in order of priority and adjust test designs accordingly ^{\(4\)}.](#)

- Rætt um að skoða hvernig kerfi gæti litið út sem væri samtengt, þannig að á einn stað væri safnað saman gögnum úr skólum og niðurstöður prófa frá MMS.
- Rætt um skoska kerfið og að skoða það betur. Til dæmis hvernig það hefur gefist að kennarar hafi frelsi til leggja prófið fyrir þegar þeir kjósa. Atriði til að skoða betur.
- Rætt um að skoða betur fyrirkomulag í Skotlandi, Finnlandi og Noregi.
- Háskólafólk hefur áhyggjur af því að A-próf fæla frá tiltekna nemendahópa. Slíkt leiðir til að nýnemum fækkar t.d. í HÍ því nemendur fara annað.
- Enn og aftur rætt um skort á mælingum og rannsóknum hér á landi. Vantar úttektir á prófum. Jafnvel að það vanti rannsóknardeild.
- Rætt um þörfina á því að efla starfsþróun kennara.
- HÍ er með samning við INSPERA-kerfi. Það er talið vera gott kerfi, mun betra en það sem MMS er með en það er líka margfalt dýrara. Ríkið greiðir fyrir bæði kerfin. Væri hægt að fá gott tilboð í kerfið fyrir grunnskólann líka – ef ákveðið verður að leggja áfram fyrir rafræn próf?
- Þátttaka á fundi hefur verið mjög góð og varamenn hafa ekki oft verið kallaðir inn. Rætt var um að aðalmenn skyldu ákveða sjálfir hvort þeir kalli á varamenn ef þeir komast ekki á einn fund.
- Á fundi eftir hálfan mánuð verður prófsýning. Þá verða skoðuð próf frá ýmsum löndum sem búið verður að safna saman. Skoðað hvernig próf frá öðrum löndum eru í samanburði við prófin okkar.
- Næsti fundur starfshópsins verður miðvikudaginn 28. nóvember. Á dagskrá er m.a. kynning á Lesferli, niðurstöður hópavinnu á samráðsfundi, lesefni og áfangaskýrsla. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lestri á efni sem safnast hefur saman.

SKS 2018